

Ár 1992, miðvikudaginn 21. október var í málínu nr. 5/1992 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R:

Málavextir eru þeir, að með bréfi dags. 15. apríl 1992 óskar oddvitinn í Laugardalshreppi í Árnessýslu úrskurðar Yfirfasteignamatsnefndar um réttmæti álagningar fasteignaskatts á húsnæði Húsmæðraskóla Suðurlands í hlutfalli við þann tíma, sem þar er stundaður hótelrekstur.

Um þetta segir oddvitinn: "Vegna þess að dregið er í efa að Laugardalshreppur hafi leyfi til að leggja fasteignaskatt á Húsmæðraskóla Suðurlands í two mánuði úr árinu þ.e. þann tíma sem Hótel Edda rekur þar hótelrekstur (en Eddan starfar frá 10. júní til 31. ágúst ár hvert).

Hreppsnefnd Laugardalshrepps óskar eftir úrskurði Yfirfasteignamatsnefndar um þessa álagningu. Það hefur aldrei komið athugasemd um þessa álagningu fyrr en nú."

Föstudaginn 29. maí s.l. fór Yfirfasteignamatsnefnd á vettvang og skoðaði framangreint skólahúsnæði. Þeir sem tóku þátt í ferðinni voru: nefndarmennirnir Pétur Stefánsson, Guðmundur Magnússon og Guðný Björnsdóttir svo og Guttormur Sigurbjörnsson. Einnig var mættur á staðnum oddviti Laugardalshrepps, Þórir Þorgeirsson.

Farið var um allt húsið í fylgd oddvitans, sem gaf glöggt yfirlit um þá skiptingu milli þess húsnæðis sem nýtt er til hótelreksturs og þess sem látið er ónýtt og ekki þörf fyrir vegna þeirrar starfsemi, en stærsti hluti hússins er nýttur í þessu skyni. Oddvitinn afhenti nefndarmönnum grunnupprætti af öllum hæðum hússins til frekari glöggyunar.

Með hliðsjón af ákvæðum 1. og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga og m. t. t. tímabundinnar notkunar hluta húsnæðisins fyrir hótelrekstur, þykir mega ákveða skiptingu fasteignaskattsstofns skólahúsnæðis Húsmæðraskóla Suðurlands að Laugarvatni fyrir gjaldárið 1992 þannig:

- skattskylt 20 % af öllu fasteignamatsverði hússins
- skattfrjálst 80 % af öllu fasteignamatsverði hússins.

Skipting þessi miðast við notkun húsnæðisins samkvæmt framanskráðu.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Gjalda skal fasteignaskatt af fasteignamatsverði húsnæðis Húsmæðraskóla Suðurlands að Laugarvatni gjaldárið 1992 sem hér segir:

- skattskylt er 20 % af fasteigninni
- skattfrjálst er 80 % af fasteigninni .

Skipting þessi miðast við notkun húsnæðisins samkvæmt framanskráðu.

Pétur Stefánsson

Guðný Björnsdóttir

Guðmundur Magnússon